

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1942.

*Stjórnskipunarlög um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920 og stjórnarskipunarlögum nr. 22 24. marz 1934, undirskrifuð af ríkisstjóra 1. september 1942, nr. 78.*

*Lög um dómnefnd í verðlagsmálum, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 79.*

*Lög um kosningar til Alþingis, undirskrifuð af ríkisstjóra 7. september 1942, nr. 80.*

*Ríkisstjórabréf um almennar kosningar til Alþingis, undirskrifað af ríkisstjóra sama dag, nr. 81.*

*Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 106 1941, um húsaleigu, og lögum nr. 126 1941, um viðauka við og breyting á þeim lögum, undirskrifuð af ríkisstjóra 29. september 1942, nr. 82.*

*Ríkisstjórabréf, er stefnir Alþingi saman til aukafundar þriðjudaginn 4. ágúst 1942, undirskrifað af ríkisstjóra 17. júlí 1942, nr. 83.*

*Auglýsing um samning um skipti á opinberum ritum milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku, sem birtist hér í frumriti og þýðingu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 18. ágúst 1942, nr. 84.*

*Tilskipun um breyting á tilskipun nr. 81 26. apríl 1935, um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum, undirskrifuð af ríkisstjóra 7. september 1942, nr. 85.*

*Ríkisstjórabréf um þinglausnir og þingrof, undirskrifað af ríkisstjóra 9. september 1942, nr. 86.*

*Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, undirskrifuð af ríkisstjóra 15. september 1942, nr. 87.*

*Hafnarlög fyrir Grundarfjörð, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 88.*

*Lög um breyting á lögum nr. 19 27. júní 1925, um innlenda skiptimynt, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 89.*

*Lög um lendingarbætur á Skálum, undirskrifuð af ríkisstjóra 25. september 1942, nr. 90.*

*Lög um raforkusjóð, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 91.*

*Lög um sölu þjóðjarðarinnar Ólafsvíkur og Ytri-Bugs, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 92.*

*Lög um að reisa nýjar sildarverksmiðjur, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 93.*

*Lög um breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 94.*

*Auglýsing um staðfestingu ríkisstjóra á reglugerð fyrir lærdómsdeild Verzlunarskóla Íslands, undirskrifuð af kennslumálaráðherra 5. nóvember 1942, nr. 95.*

## Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 41. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, um umferðarbann í herbúðir og um vegabréf. 133

24. júlí

Ríkisstjórnin leiðir athygli almennings að eftirfarandi:

1. Samkvæmt ákvörðun amerísku herstjórnarinnar er almenningi bannaður aðgangur inn í herbúðir, nema með sérstöku vegabréfi eða sérstöku leyfi yfirmannsins. Til að koma í veg fyrir að menn óafvitandi fari inn á svæði þessi, eru þau afgirt og eru merkt með spjöldum með eftirfarandi áletrun á ensku og íslenzku:

133  
24. júlí

- Keep out ..... Aðgangur bannaður.  
Military property .... Hernaðar útbúnaður.  
Armed guards ..... Varðmenn með byssur.
2. Inngangar inn í herbúðir eru lokaðir á meðan dimmt er, og eru varðmenn með byssur á verði við innganginn. Þeir, sem fara inn á bannsvæði þessi, án sérstaks leyfis, gera það á eigin ábyrgð.
  3. Sérstök vegabréf til umferðar um herbúðir og bannsvæði í nágrenni Reykjavíkur geta menn, sem á því þurfa að halda, fengið hjá hernaðaryfirvöldunum með milligöngu hlutaðeigandi íslenzks yfirvalds.

134  
10. ágúst

### Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 44. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, um umferðatálmanir á landi og í íslenzkri landhelgi að boði hernaðaryfirvaldanna.

Samkvæmt ósk amerísku herstjórnarinnar eru hér á eftir birt í heild fyrirmæli þau, sem í gildi eru og áður hafa verið birt, varðandi umferðatálmanir á landi og í íslenzkri landhelgi.

#### I. Umferðatakmarkanir fyrir þá, sem nálgast sjávarströndina eftir að farið er að skyggja.

Eftir að skyggja tekur, má ekki nálgast sjávarströndina nema eftir greinilega afmörkuðum vegum eða gangstigum. Fólk, sem heima á í grend við hin vörðu strandsvæði, og kann að eiga nauðsynjaerindi utan hinna afmörkuðu vega eftir að skyggja tekur, skal útvega sér sérstakt leyfi hjá hernaðaryfirvöldunum á staðnum. Allir þeir, sem ávarpaðir eru af varðmanni, skulu tafarlaust staðnæmast, til þess að unnt sé að spyrja þá eða rannsaka eftir því, sem þörf gerist, svo að gengið verði úr skugga um, að þeir fari meinlausra erinda. Ef þeir þrjózkast við að stanza þegar þeir fá fyrirskipun um að gera það, eða gerast brotlegir um einhvern fjandsamlegan verknað, eiga þeir það á hættu að á þá verði litið sem fjandsamlega setuliðinu og að hervörðurinn skjóti á þá

#### II. Takmörkun siglinga eftir að skyggja tekur.

1. Á svæðinu milli Borgarfjarðar og Hafnarfjarðar, að báðum meðtöldum.  
Ekkert skip eða bátur má koma nær strandlengjunni en 200 metra, nema hvað bátar mega koma í höfn eða láta úr höfn í Reykjavík, Hafnarfirði og á Akranesi eftir gildandi reglum. Á Akranesi mega fiskibátar fara upp að bryggju og fara þaðan vestur eftir út á leguna.
2. Milli Skjálfanda og Skagafjarðar, að báðum meðtöldum.
  - a. Ekkert skip má koma nær ströndinni en 200 metra, nema hvað skip mega koma í höfn á Húsavík, Dalvík, Hrísey, Flatey, Ólafsfirði, Siglufirði og Sauðárkróki. Litlir mótör-fiskibátar eru undanþegnir þessum fyrirmælum.
  - b. Ekkert skip, og eigi heldur litlir mótör-fiskibátar, skulu fara suður fyrir línu, sem dregin er beint til austurs frá Brimnesi. Skip, sem komin eru suður fyrir þessa línu, skulu halda beint til Akureyrar eða Hjalteyrar. Um síldveiðitím-ann hefur aðmirállinn á Íslandi vald til að slaka á þessum fyrirmælum að því er tekur til fiskiskipa, að því tilskildu, að fyrirætlun skipsins að fara suður fyrir Brimnes, sé tilkynnt siglingaeftirlitsmanninum (Sea Transport Officer) á Akureyri, og að fylgt sé þeim fyrirmælum, sem fá verður hjá honum. Skip mega hvenær sem er fara út úr Eyjafirði, enda haldi þau sig þá meira en 200 metra frá landi.